

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 50/95
frá 22. júní 1995**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/95 frá 19. maí 1995⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 94/C 309/01 frá 24. október 1994 um gagnaflutningsþjónustu á sviði flutninga⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 78. lið (ályktun ráðsins 94/C 379/02) í XIII. viðauka við samninginn:

„79. 394 Y 1105(01): Ályktun ráðsins frá 24. október 1994 um gagnaflutningsþjónustu á sviði flutninga (Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 94/C 309/01 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L ... og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 1.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker